

Til hársnyrtistofa.

Reykjavík 10. desember 2018

Varðar: Leyfi fyrirtækja til að hafa iðnnema í vinnustaðanámi.

Starfsgreinaráð snyrtigreina hefur verið starfandi síðan 1998. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla 1. ágúst 2008, er að finna ákvæði um hlutverk starfsgreinaráðs:

Starfsgreinaráð gerir tillögur um almenn markmið náms og skilgreinir þarfir fyrir kunnáttu og hæfni sem námsbrautarlýsingar fyrir viðkomandi starfsgreinar byggjast á og eru hluti af almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og gerir tillögur um lokamarkmið náms.

Setur viðmið fyrir skiptingu náms í skóla- og vinnustaðanám,

Starfsgreinaráð skulu halda skrá yfir fyrirtæki og vinnustaði sem uppfylla skilyrði til vinnustaðanáms.

Í 9. gr. reglugerðar nr. 697/2009 um námssamninga og starfsþjálfun er hlutverk starfsgreinaráðs ítrekað sem og heimild þess til að koma á fót nemaleyfisnefnd. Hlutverk hennar er að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nema á námssamning og afgreiða þær. Menntamálaráðherra setur nemaleyfisnefndum erindisbréf.

Í samræmi við þessi ákvæði hefur nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn starfað frá árinu 2000. Henni var falið að setja reglur um lágmarkskröfur sem stofur þurfa að uppfylla til þess að fá nemaleyfi.

Nemaleyfisnefnd hefur sett vinnureglur sem samþykktar hafa verið af starfsgreinaráði. Fyrirtæki sem vilja gera námssamning við nema í hársnyrtiiðn þurfa að senda umsókn um nemaleyfi til IÐUNNAR – fræðsluseturs, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík.

Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiiðn mun yfirfara umsóknirnar og síðan fær fyrirtækið að uppfylltum skilyrðum leyfi til þess að hafa nemendur á námssamningi í hársnyrtiiðn.

Vakin er athygli á ákvæði 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 þar sem segir að aðeins meistarar, sveinar og nemar í iðninni hafi rétt til að starfa í löggilttri iðngrein.

F.h. nemaleyfisnefndar í hársnyrtiiðn.

Reglur um nemaleyfi í hársnyrtiið

Til að vinnustaður geti fengið nemaleyfi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Stofan þarf að hafa fastráðinn meistara í hársnyrtiið í fullu starfi. Viðkomandi meistari þarf að hafa leyst til sín meistarabréf í iðngreininni. Með umsókninni þarf að fylgja afrit/ljósrit af meistarabréfi. Meistari þarf að sýna fram á það með lífeyrissjóðsyfirliti að hann sé í fullu starfi undangengna þrjá mánuði. Tveir meistarar geta skipt með sér 100% starfshlutfalli. Miðað er við að meistari hafi laun í samræmi við reiknað endurgjald skv. reglum ríkisskattstjóra. Sjá: <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2016#tab2> – Flokkur D(2)(9)
2. Stofan hafi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins samkv. lögum nr. 7/1998 4. gr. um hollustuhætti og mengunarvarnir
3. Stofan hafi starfsleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins samkv. lögum nr. 46/1980 13 kafla gr. 90-97 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
4. Til þess að hársnyrtistofa geti fengið leyfi til nematöku, þarf eftirfarandi þjónusta að vera til staðar:
Nemi skal hafa tækifæri til að læra permanent, mismunandi aðferðir við litun, strípur, skol, lagningu, blástur, rakstur með hnífi, klippingu, skeggsnyrtingu, djúpnæringu með nuddi, þvott og uppgreiðslu á síðu hári.
Á hársnyrtistofum verður að vera hárpurrka og blásari fyrir hvern starfsmann, bartskeri og rakvél með skiptanlegum kömbum, allar gerðir hitajárna, skæri, greiður, burstar, hnífur og letingi fyrir starfsfólk þarf að vera á vinnustað.
Æfingahöfuð og festingar skal vera fyrir nema. Nemi þarf að hafa aðgang að rúlluborði. Í því skulu vera minnst 40 spólur (perm.), einnig lagningarrúllur í öllum stærðum.
5. Alltaf sé einum stól fleira en starfsfólk. Stólar séu með pumpu, minnst einn á hvern nema og a.m.k. einn stóll með hnakkapúða (sjá næstu málsgrein), spegill sé fyrir framan hvern stól.
6. Sé tilgreind þjónusta ekki veitt verður stofan að sjá um að veita nemanum þá starfsþjálfun sem uppá vantar.
7. Meistari, nemi og skóli haldi vinnubók/app, sem nemandi varðveitir og skilar inn þegar sótt er um sveinspróf.
8. Nemi skal vera í fullu starfi, 100% starfshlutfalli. Starfsþjálfun og vinnustaðanám eru 72 fullar vinnuvikur.
9. Nemi má aldrei vera einn á vinnustað.
10. Tilkynna skal starfsmannabreytingar til IÐUNNAR fræðsluseturs eins fljótt og mögulegt er.
11. Nemi og meistari skulu bera virðingu hvor fyrir öðrum og virða viðurkenndar siðgæðisreglur.
12. Nemaleyfi gildir í 5 ár. Brot á þessum reglum getur varðar sviptingu leyfisins.

Nemaleyfisnefnd í hársnyrtiið
Desember 2018